

HSV býður upp á íþrótta- og leikjanámskeið fyrir þau börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk í

Grunnskóla. Fædd 2013-2016

Námskeiðin verða á eftirfarandi dögum:

12.-16. júní → Verð 6000 krónur

19.-23. júní → Verð 6000 krónur

26.-30. júní → Verð 6000 krónur

Hægt er að velja SKRÁNING iðkenda hér efst á síðunni eða fylgja þessum

tengli <https://hsv.felog.is/> til að skrá þátttakendur. Skrá þarf iðkendur á allar þær vikur sem taka á þátt í. Dagskrá hverrar viku er mismunandi.

Skráningu lýkur kl. 16:00 á fimmtudeginum fyrir námskeiðið sem hefst n.k. mánudag. Þar sem skipta þarf þátttakendum upp í minni hópa er nauðsynlegt að allar skráningar séu komnar inn í kerfið á réttum tíma. Gætið að réttum netföngum þar sem dagskrá vikunnar og mikilvægar upplýsingar eru sendar með tölvupósti á foreldra/forráðamenn áður en námskeiðið hefst. Námskeiðin eru alla virka daga frá kl. 9-12. Krakkarnir geta fengið vistun frá kl. 8:30 án skipulagðrar dagskrár.

Um er að ræða hefðbundið námskeið fyrir börn í 1.-2. bekk þ.e, farið verður í leiki, fjöruferðir, hjólaferðir, fjallgöngur, sund, ýmsar

íþróttagreinar prófaðar og margt fleira. Mæting fyrir 1.-2.bekk og er við Íþróttahúsið á Torfnesi.

Fyrir börn í 3.-4. bekk verður Klifurnámskeið í viku eitt, golfnámskeið í viku tvö og almennt námskeið í viku þrjú.

Á öllum námskeiðunum er nesti borðað um miðjan morgun og koma allir með hollt og gott nesti að heiman.

Rétt er að taka fram að öll eru velkomin á íþrótta- og leikjanámskeið HSV, búseta á

starfssvæði HSV er ekki skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Heiðar Birnir Torleifsson á netfanginu ithrottaskoli@hsv.is